

Þegar allt þetta er virt og annað það, sem fram hefur komið í málinu, getur dómurinn ekki fallizt á bótakröfu aðalstefnanda í framhaldssök.

Hins vegar fellst dómurinn á, að aðalstefnanda hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur, og verður niðurstaða málsins því sú, að aðalstefndi, Eldey h/f, verði dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 32.429.80 ásamt vöxtum, svo sem krafizt er í frumsök, og málskostnað, sem þykir hæfilega tildæmdur kr. 8.800.00.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti ásamt sjódomsmönnum Ragnari Björnssyni hafnarstjóra og Árna Þorsteinssyni skipstjóra kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Karl Sigurbergsson, skal vera sýkn af kröfu gagnstefnanda, Eldeyjar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Aðalstefndi, Eldey h/f, greiði aðalstefnanda, Karli Sigurbergssyni, kr. 32.429.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. janúar 1964 til greiðsludags og kr. 8.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. október 1968.

Nr. 4/1968. **Samvinnufélagið Hreyfill**

(Jóhann Steinason hdl.)

gegn

Kristjáni Eiríkssyni

(Brandur Brynjólfsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1968 og krafizt þess, að synjað verði innsetningargerðar og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn 2. marz 1967 lét Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður gera fjárnám í kröfu gerðarbeiðanda í héraði, Tryggva Hannessonar, á hendur áfrýjanda, þeirri, sem um er fjallað í máli þessu. Á nauðungarupphóði 23. júlí 1968 varð nefndur Kristján hæstbjóðandi í kröfu þessa, og var hún afsöluð honum sama dag. Samkvæmt þessu, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1938 um meðferð einkamála í héraði og 58. gr. laga nr. 51/1962, hefur Kristján Eiríksson tekið við aðild máls þessa fyrir Hæstarétti í stað Tryggva Hannessonar.

Í málinu er fram komið, að fyrirsvarsmönnum áfrýjanda var kunnugt efni samnings þeirra Tryggva Hannessonar og Örvars Kristjánssonar frá 19. júlí 1965 við kaup muna þeirra, sem um er fjallað í málinu. Eigi eru rök að því leidd, að Tryggvi Hannesson mundi fá meiri verðmæti úr hendi Örvars Kristjánssonar en honum bar samkvæmt samningum þeirra, þótt hann fengi umráð fyrrgreindra muna.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samvinnufélagið Hreyfill, greiði stefnda, Kristján Eiríkssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 5. janúar 1968.

Gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, Vesturgötu 50, hefur krafizt þess, að bílalyfta (FOG), lofthitunarketill ásamt loftrásum og raflögn ásamt lömpum verði tekin úr umráðum gerðarþola, Samvinnufélagsins Hreyfils, Grensásvegi 18, og sér fengin umráð þeirra, enda lýsir hann því jafnframt yfir, að nái gerðin fram-

gangi, verði ekki krafizt greiðslu skuldar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu 2914/1966, uppkveðnum 24/11 1966. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að innsetningargerð þessi fari fram. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram hinn 13. desember f. á.

Gerðarbeiðandi gerði leigusamning um iðnaðarhúsnæði í húsinu Grensásvegi 14 hinn 30. apríl 1963, sjá rskj. 17, við gerðarþola, Samvinnufélagið Hreyfil, og rak þar um skeið Bifreiðaverkstæðið Stimpil, sem er skrásett firma. Leigusamningur þessi skyldi falla úr gildi 31. desember 1965, þó að tilskildum 6 mánaða uppsagnarfresti.

Hinn 19. júlí 1965 gera þeir gerðarbeiðandi og Örvar Kristjánsson, Nönnugötu 16, með sér kaupsamning, sem hefur verið lagður fram í máli þessu í endurriti sem rskj. 3 og er á þessa leið:

„Við undirritaðir, Tryggvi Hannesson, Sörlaskjólí 66, í samningi þessum nefndur seljandi og Örvar Kristjánsson, Nönnugötu 16, í samningi þessum nefndur kaupandi, gerum með okkur svofelldan

Kaupsamning:

1. Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa eftirtaldar vélar, verkfæri og áhöld svo og innréttingar Bifreiðaverkstæðisins Stimpils, Grensásvegi 18:

1. Bílalyfta (700).
2. Lofthitunarketill ásamt loftrásum.
3. Raflögn ásamt lömpum.
4. Cylinderfræsari (BUMA).
5. Fóðringavél (Sunnen).
6. Ventilsætavél (BLACK & DECKER).
7. Ventilhausavél (SIOUX).
8. Bremsuskálavél (BARRET).
9. Gastæki ásamt kútum.
10. Stimpilklukka.
11. Hjólatjakkur.
12. Handverkfæri ýmiss konar.
13. Skápar fyrir lager.

Þá fylgja enn fremur með í kaupunum vörubirgðir verkstæðisins. Hefur kaupandi kynnt sér ástand alls hins selda og tekið gilt.

2. Með í kaupunum fylgir firmanafnið „Bifreiðaverkstæðið

Stimpill“. Seljandi greiðir allar skuldir fyrirtækisins fram til dagsins í dag að telja, en allar skuldbindingar, sem kaupandi stofnar til, eru seljanda óviðkomandi. Verður tilkynning um eigendaskipti firmans send firmaskrá Reykjavíkur í dag.

3. Kaupandi hefur þegar gengið inn í leigusamning um hús-næði það, sem fyrirtækið hefur leigt á Grensásvegi 18.

4. Umsamið kaupverð kr. 360.000.00 — þrjú hundruð og sextíu þúsund krónur, — greiðir kaupandi þannig:

1. Við undirskrift samnings þessa	kr. 100.000.00
2. Með vixlum pr. 7/8, 7/9 og 7/10 '65	— 30.000.00
3. Með vixlum pr. 7/11 og 7/12 '65	— 40.000.00
4. Eftirstöðvarnar greiðir kaupandi með skulda-bréfi, sem greiðist með 4 jöfnum afborgunum í gjalddaga 15/6 '66 og 15/12 '66, 15/6 '67 og 15/12 '67, kr. 47.500 í hvert skipti. Vextir reiknist 8% p. a. og greiðist eftir á í sama gjalddaga og afborganir	— 190.000.00

Kr. 360.000.00

5. Seljandi áskilur sér eignarrétt að því, sem talið er upp í 1—11 1. gr., þar til kaupverðið er að fullu greitt. (Eignarréttar-fyrirvari).

6. Rísi mál út af samningi þessum, skal það rekið fyrir bæjar-þingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttaumleitunar fyrir sátta-nefnd.

Til staðfestu eru nöfn aðilja undirrituð í votta viðurvist.

Reykjavík, 19. júlí 1965.

Tryggvi Hannesson.

Örvar Kristjánsson.

Vottar:

Agnar Gústafsson.

Björn Pétursson.

Móttekið skv. ofangreindum samningi greiðsla skv. 1. tl. 4. gr. kr. 100.000.00 og er kr. 10.000.00 skv. 2. tl. 4. gr. Ennfremur víxill pr. 7/9, kr. 10.000.00, víxill pr. 7/10, kr. 10.000.00, víxill pr. 7/11, kr. 20.000.00, vírill pr. 7/12, kr. 20.000.00, svo og skulda-bréf skv. 4. tl. 4. gr., kr. 190.000.00.

Afsalast því ofangreint firma ásamt tilheyrandi með eignarréttarfyrirvara, svo sem að ofan greinir.

Reykjavík, 16/9 1965.

Vottar“.

Gerðarbeiðandi hefur undirritað afsalsyfirlýsingu á frumriti samningsins.

Samningi þessum hefur ekki verið þinglýst.

Skuldabréf það, sem getur í 4. gr., 4. lið hér að framan, liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 4, en það er dagsett 16. september 1965, og segir svo m. a. í bréfi þessu: „Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta ofanritaðrar skuldar svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar, er af vanskilum mínum kann að leiða og mér ber að greiða að skaðlausu, er eignarréttarfyrirvari skv. kaupsamningi mínum við Tryggva Hannesson, dags. 19/7 '65.

Standi ég ekki í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af ofangreindri skuld, er hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara.

Mál, sem rísa kunna út af skuld þessari, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, dags. 19/7 1965“. Þessu bréfi hefur ekki verið þinglýst.

Örvar Kristjánsson tók þannig við rekstri Bifreiðaverkstæðisins Stimpils í þeim húsakynnum, sem það hafði starfað í að Grensásvegi 18. Ekki varð af því, að húsnæðið yrði rýmt um áramót 1965—1966, svo sem leigusamningur gerðarbeiðanda við gerðarþola tiltók.

Í máli þessu liggur fyrir kaupsamningur þeirra Örvars Kristjánssonar og Stefáns Odds Magnússonar f. h. gerðarþola, dagsettur 8. ágúst 1966, sjá rskj. 23. Þar selur Örvar gerðarþola bifreiðalyftu, kyndibúnað o. fl. honum tilheyrandi og raflögn með lömpum, og er um að ræða sömu tæki og tilgreind eru á rskj. 3 sem nr. 1, 2 og 3. Tekið er fram, að hið selda sé til staðar í húsakynnum gerðarþola, Grensásvegi 18, og er kaupverðið tilgreint kr. 140.000.00. Þessum samningi er athugasemdalaust þinglýst 10. ágúst 1966. Ekki er þar getið um nein höft á hinu selda.

Með stefnu, birtri 20. september 1966, höfðar gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, mál gegn Örvvari Kristjánssyni fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Dómkröfur hans voru þær, að Örvar yrði dæmdur til að greiða kr. 190.000.00 auk vaxta og málskostnaðar, en að fráðregnum samtals kr. 62.700.00, að viðurkenndur yrði eignarréttur hans að munum þeim, sem greinir í kaupsamningi

frá 19/7 1965. Með dómi bæjarþingsins, sem uppkveðinn var 21. nóvember 1966, var kröfu stefnanda um viðurkenningu eignarréttar vísað frá dómi ex officio, enda hafði stefnandi lýst því yfir, að mál þetta væri rekið samkvæmt heimild í skuldabréfi eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Dómur þessi hefur ekki verið kærður, og liggur hann fyrir í málinu sem rskj. 7.

Um hinn þátt stefnukröfunnar gekk dómur bæjarþingsins þann 24. nóvember 1966, og var Örvar Kristjánsson þar dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda eftirstöðvar skuldabréfsins, sem námu samkvæmt breyttri dómkröfugerð kr. 142.500.00 ásamt vöxtum, og málskostnaður, kr. 22.000.00, var og tildæmdur. Visast hér til rskj. 5 í fógétamáli þessu. Aðiljum ber saman um, að dóm-skuld þessi hafi ekki greiðzt að neinu og að ekki hafi verið leitað fógetaaðgerða til að ná fullnustu.

Það hefur komið fram í málinu, að kaup gerðarþola af Örvari Kristjánssyni fóru fram á skrifstofu Jónatans Sveinssonar héraðsdómslögmanns hér í borg. Hefur Jónatan Sveinsson mætt sem vitni í málinu. Hann skýrir svo frá, að Örvar Kristjánsson hafi leitað til sín í maí 1966 og sagzt vera kominn í fjárhagskröggur og sýnilega lenda í vanskilum við gerðarbeiðanda, Tryggva Hannesson, vegna skuldabréfsins á rskj. 4 og enn fremur í vanskilum við Hreyfil vegna húsaleigu. Hafi Örvar talið hendi næst að selja þá muni, sem hann hafði keypt af Tryggva Hannessyni, til að sjá sér borgið út úr þessum vandræðum. Jónatan segir, að gerðarbeiðandi hafi verið í ráðum með Örvari um þessi atriði og gengið fast fram í því að fá fram sölu, og kveðst Jónatan hafa þá þegar fengið að sjá samning þeirra félaga. Komið hafi fram, að Hreyfill vildi kaupa suma þeirra, en þó því aðeins að til skuldajöfnunar kaupverðinu gengi áfallnar og áfallandi leigukröfur félagsins vegna afnota Örvars af húsnæðinu Grensásvegi 18 og hafi náðzt samkomulag um verð þessara muna. Þá hafi legið fyrir að taka afstöðu til ákvæðisins á rskj. 3, kaupsamningnum, um eignarréttarfyrirvara til handa gerðarbeiðanda og veðsetningu þar greindra eigna. Kveðst Jónatan hafa komizt á þá skoðun, að þar að lútandi ákvæði kaupsamningsins mundi ekki standast sem lögmæt sjálfsvörzluveðsetning lausafjár og hafi sú einnig verið skoðun lögmanns Hreyfils við kaupin. Samróma álit þeirra hafi orðið það, að Hreyfill fengi fullan eignarrétt að mununum þrátt fyrir nefnd samningsákvæði.

Jónatan Sveinsson kveðst nú hafa skrifað samningsuppkast, og hefur það verið lagt fram sem rskj. 8, en þar neðst er viðbótar-

klausa um, að gerðarbeiðandi, Tryggvi Hannesson, gefi eftir eignarréttarfyrrvara þann, sem getur í kaupsamningi hans og Örvars, og getur Jónatan þess, að þá hafi ekki legið annað fyrir en að gerðarbeiðandi samþykkti, að Hreyfill greiddi kaupverð þessara muna með skuldajöfnuði svo langt sem leigukröfur næðu, en afgangurinn gengi svo sem greiðsla upp í skuldabréfið á rskj. 4, enda hefði sá afgangur nægt fullnustu áfallinnar afborgunar og vaxta. En þá strax á eftir hafi gerðarbeiðandi aftekið að samþykkja fyrir sitt leyti þetta fyrirkomulag á greiðslu frá hendi Hreyfils og krafist alls kaupverðsins upp í skuldabréfsskuldina.

Örvar Kristjánsson, sem nú er búsettur á Ólafsfirði, hefur komið þar fyrir dóm sem vitni, sjá rskj. 9. Hann skýrir svo frá, að Jónatan Sveinsson hafi haft í höndum kaupsamninginn og skuldabréfið á rskj. 3 og 4, er kaup Hreyfils fóru fram, og hann hafi tjáð sér, að hann teldi eignarréttarfyrrvarann ógildan og því frjálst að selja þar greinda muni. Örvar telur, að viðsemjandi hans hafi vitað um eignarréttarfyrrvarann.

Gerðarbeiðandi krefst þess nú með bréfi til fógeta, dagsettu 21. september 1967, að hér umræddir munir verði sér afhentir með fógetagerð. Telur hann eignarrétt sinn samningsbundinn og ótvíræðan, Örvar Kristjánsson hafi aldrei uppfyllt skilyrði samninga þeirra, sem gæfi honum eignarrétt. Hann hafi ekki getað fengið viðsemjanda sínum, gerðarþola máls þessa, frekari rétt yfir munum þessum en hann sjálfur í átti. Skipti engu máli í þessu sambandi um þinglýsingu slíks gernings sem kaupsamningsins á rskj. 3 né heldur hvort kaupandi munanna hafði vitnaskju um vanheimild seljanda, en í þessu máli hagi svo til, að kaupanda hafi verið fullljóst, að Örvar Kristjánsson hafði enga heimild til sölu. Gerðarbeiðandi segir svo frá, að eitt sinn á sumrinu 1966 hafi Jónatan Sveinsson héraðsdómslögmaður látið sig vita, að Örvar Kristjánsson vildi selja gerðarþola máls þessa ýmsa af þeim munum, sem kaupsamningurinn á rskj. 3 tók til, og kveðst gerðarbeiðandi hafa komið til viðtals á skrifstofu Jónatans, þar sem þeir hafi verið auk Jónatans sjálfs Örvar, Stefán Oddur Magnússon, framkvæmdastjóri gerðarþola, og lögfræðingur með honum. Hafi Stefán þá látið í ljós, að hann vildi ekki kaupa muni þá, sem nú eru umdeildir í máli þessu, ef einhvers konar kvaðir áhvílandi þeim stæðu í vegi fyrir fullum eignarrétti gerðarþola, og segir gerðarbeiðandi, að þetta hafi orðið tilefni til þess, að Jónatan Sveinsson hafi beðið sig að rita samþykki á kaupsamning þeirra Örvars og gerðarþola. Gerðar-

beiðandi kveðst hafa tjáð sig fúsan til þess, þó með svofelldu móti aðeins, að greiðslan gengi til sín, en því hafi verið hafnað og Jónatan þá látið svo ummælt, að slíkt samþykki gerðarbeiðanda skipti ekki máli.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram sem rskj. 13 endurrit af árangurslausu fjárnámi, sem fór fram hjá Örvari Kristjánssyni hinn 30. júní s.l.

Af hálfu gerðarpola er vefengt, að um gildan eignarréttarfyrrvara sé að ræða. Á það er bent, að í 4. grein kaupsamnings þeirra Örvars og gerðarbeiðanda sé því lýst, hvernig kaupverðið skuli greiðast, og síðan sé þess getið, að greiðslur hafi farið fram í samræmi við kaupsamning. Að vísu hafi Örvari orðið vanskil og gerðarbeiðandi getað komið fram eindögum skulda-bréfsins á rskj. 4, en það skipti ekki máli, þá er gert sé út um gildi eignarréttarfyrrvarans. Sá réttur hafi niður fallið fyrst og fremst vegna þess, að gerðarbeiðandi hafi gefið afsal bæði fyrir munum og firmanafni og fari slíkt ekki saman við áskilnað eignarréttar. En hafi gerðarbeiðandi þrátt fyrir þetta viljað halda eignarrétti, og þá í formi veðsetningar, sé sá réttur fallinn niður fyrir vangeymslu, enda hafi skuldabréfi aldrei verið þinglýst. Enn sé á það að líta, að kaupsamningurinn á rskj. 3 hljóði ekki alleinasta um lausafjármuni heldur og um firmanafn og verði firmanafni að sjálfsögðu aldrei afsalað með eignarréttarfyrrvara.

Á það er bent af hálfu gerðarpola, að gerðarbeiðanda hafi verið mjög áfram um það, að sala tækist á munum þessum, og stutt að því í verki. Hann hafi að vísu verið ósamþykkur ráðstöfun kaupverðs, en er sala fór fram á þann hátt, sem raun bar vitni um, hafi gerðarbeiðandi ekki beitt kaupsamningnum, heldur aðeins gjaldfellt bréfið og haldið þeirri kröfu til streitu. Þannig hafi hann samþykkt bæði söluna og ráðstöfun kaupverðs, en aðeins talið sig eiga fjárkröfu á hendur Örvari.

Þá heldur gerðarþoli því fram, að vafasamt sé, að gerðarbeiðandi hafi að öðru leyti átt rétt yfir hinum umdeildu munum, þar eð Örvar Kristjánsson hafi verið búinn að borga gerðarbeiðanda meira en andvirði þeirra. Hann hafi fengið framgengt kröfu um innsetningu í aðra muni, sem Örvar Kristjánsson hafi ráðstafað til annars aðilja, og nái þessi gerð framgangi, muni gerðarbeiðandi auðgast óhæfilega á öllum þessum viðskiptum.

Loks vísar gerðarþoli til þess, að þar eð andvirði hinna umdeildu muna hafi sumpart greiðzt með gagnkröfu á hendur Örvari

Kristjánssyni, sem gerðarbeiðandi hafi sem leigutaki staðið ábyrgur fyrir, þá sé ljóst, að öll þessi viðskipti séu þess eðlis, að hinn almenni dómstóll ætti úr þeim að skera og ætti fógetaréttur því að synja um gerðina.

Því er mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að hann hafi staðið ábyrgur fyrir leiguskuld Örvars Kristjánssonar. Hinn fyrri húsaleigusamningur hafi niður fallið, er Örvar tók við húsnæðinu, og hafi gerðarþoli samþykkt Örvar sem leigutaka með löngu aðgerðarleysi, og gerðarbeiðandi kveðst aldrei hafa verið krafinn um skil á leiguskuld Örvars. Það skipti gerðarþola engu máli og geti ekki komið til álits í þessu máli, hvort gerðarbeiðandi hafi fengið sinn fulla hlut í viðskiptum við Örvar.

Samningur þeirra Örvars Kristjánssonar og gerðarbeiðanda segir í 5. grein, að gerðarbeiðanda sé áskilinn eignarréttur að munum þeim, sem taldir eru sem 1—11 í 1. gr., unz allt kaupverð sé greitt að fullu. Þá segir í síðargerðri áritun, að gerðarbeiðandi hafi tekið við peningum og verðbréfum og „afsalist“ því „ofangreint firma ásamt tilheyrandi með eignarréttarfyrirvara, svo sem að ofan greinir“. Virðist beinlínis gert ráð fyrir því í hinni tilvitnuðu klausu, að móttaka gerðarbeiðanda á nefndum verðmætum teljist ekki full greiðsla af hendi Örvars, og hefur ekki komið fram í málinu, að Örvar hafi haft á þessu atriði annan skilning eða að hann hafi látið í ljós við gerðarbeiðanda, að hann vildi ekki sætta sig við þetta ákvæði í áritun gerðarbeiðanda.

Verður því ekki komið hjá að líta svo á, að aðiljar samnings þessa, Örvar Kristjánsson og gerðarbeiðandi, hafi svo um samið, að ekki skyldi vera um að ræða skilyrðislaust eignarafsal, og að Örvar Kristjánsson hafi frá upphafi mátt vita, að hann hafði ekki upp á sitt eigið eindæmi rétt til ráðstöfunar á munum þessum, svo sem eigandi hlutar almennt hefur.

Ekki verður fallið á þá skoðun, að gerðarbeiðandi hafi gefið eftir rétt sinn til hinna umdeildu muna með því að láta sér lynda og jafnvel stuðla að því, að Örvar kæmi fram sölu á þeim. Komið er fram, að gerðarbeiðandi setti það skilyrði, að söluverðið gengi til sín óskert, og atvik voru þau, að fyrirsjáanleg voru vanskil af hálfu Örvars, sem og fram kom. Var því ekki óeðlilegt, að gerðarbeiðandi vildi stuðla að sölu til þess að ná borgun á kröfu sinni. Með því að neita að samþykkja samning gerðarþola og Örvars, sbr. rskj. 12, mátti ætla, að gerðarbeiðandi væri einmitt að bera fyrir sig eignarréttarfyrirvarann, enda hefði hann tæpast getað synjað samþykkis nema á þessum grundvelli.

Þannig verður ekki séð, að viðsemjandi Örvars Kristjánssonar hafi haft neina ástæðu til að ætla, að gerðarbeiðandi hefði afsalað sér neinum þeim rétti, sem samningurinn á rskj. 3 veitti honum. Þessi samningur lá fyrir, er kaup gerðust, og varð að verulegu athugunarefni lögmanna þeirra, sem um kaup gerðarpola fjölluðu, hvort telja skyldi eignarréttarfyrrvara gildan eða hvort virða skyldi hann að vettugi.

Þótt lögmenn þessir teldu samning þeirra gerðarbeiðanda og Örvars Kristjánssonar þannig úr garði gerðan, að meta mætti eignarréttarákvæðið einskis nýtt, verður ekki hjá því komizt að telja forráðamönnum gerðarpola til verulegs gáleysis að hafa ekki athugað þetta grundvallaratriði miklu nánar með athugun á samningnum og jafnvel með því að ná sambandi við gerðarbeiðanda, sem hafði neitað að samþykkja söluna til gerðarpola, og fá hann til að gera grein fyrir þeim rétti, sem hann teldi sér veittan í samningum hans við Örvar. Eftir atvikum þykir þannig ekki rétt að telja gerðarpola hafa öðlzt eignarrétt á hinum umdeildu munum við traustfang.

Verður gerð þessi lätin ná framgangi á ábyrgð gerðarbeiðanda. Rétt þykir, að málskostnaður verði lätinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.
